

Reykjavík, 1. apríl 2009

BEIÐNI UM HEIMILD TIL NAUÐASAMNINGSUMLEITANA

Hér með er þess farið á leit, að Eglu hf., kt. 551102-2030, með lögheimili og varnarþing að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, verði veitt heimild til að leita nauðasamnings við lánardrottna sína samkvæmt ákvæðum 3. þáttar laga nr. 21/1991.

I. MÁLSATVIK.

Egla ehf. var stofnað í nóvember 2002. Upphaflegur tilgangur félagsins var að vera eignarhaldsfélag um hluti keypta í Búnaðarbanka Íslands hf. í samræmi við ákvæði kaupsamnings við íslenska ríkið dags. 16. janúar 2003. Samkvæmt núgildandi samþykktum félagsins er skráður tilgangur þess að vera eignarhaldsfélag um hluti í öðrum félögum, kaup og sala hlutabréfa, kaup og sala fasteigna, fasteignarekstur, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Skráð hlutafé félagsins er í dag kr. 11.518.948 að nafnverði.

Í ársbyrjun 2003, eftir kaup félagsins á kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. (BÍ), voru hluthafar félagsins þrír, þ.e. Ker hf. eigandi 49,5%, Vátryggingafélag Íslands hf. eigandi 0,5% og þýski bankinn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGAA (H&A) eigandi 50%.

Egla hf. keypti hluti í BÍ fyrir 7,8 milljarða króna er tóku til 32,6% alls hlutafjár bankans. Eigið fé Eglu hf. í byrjun voru 3,4 milljarðar króna sem hluthafar greiddu með hlutafjárhækkun í marsmánuði 2003, en hlutafé var síðan aftur hækkað í desember 2003, þegar síðari hluti kaupverðsins til ríkisins var greiddur, þá um 1,7 milljarða króna, til að félagið héldi umsömdu 65% eiginfjár hlutfalli. Að öðru leyti var kaupverðið fjármagnað með lánum frá Landsbanka Íslands hf.

Sá hópur sem stóð að kaupum á kjölfestuhlut í BÍ naut ráðgjafar erlendra bankamanna frá einum stærsta og virtasta banka Frakklands. Þeirra mat var að kaupverð hlutanna í BÍ væri allt of hátt miðað við verðlag sambærilegra banka í Evrópu, einkum norður Evrópu. Það var því með blendnum huga sem kaupendur gengu frá kaupunum. Ljóst var að þunglega gæti horft með ávöxtun kaupverðsins, nema til hagræðingar kæmi á íslenskum bankamarkaði og BÍ yrði hluti af henni.

Fljótlega eftir kaupin á hlutunum í Búnaðarbanka Íslands hf., eða vorið 2003, var ákveðið að sameina BÍ og Kaupþing banka hf. Gekk sú sameining eftir í júní 2003. Eignaðist Eglu hf. við það 15,83% hlut í sameinuðum banka. Hlutir í hinum sameinaða banka hækkuðu mikið fyrstu mánuðina.

Í árslok 2003 var verðmæti hluta Eglu hf. í Kaupþingi banka hf. metið á 14,7 milljarða króna, en kaupverð þeirra hafði verið 7,9 milljarðar króna í byrjun árs. Eigið fé Eglu hf. var þá metið á 10,7 milljarða króna, en skuldir losuðu 2,7 milljarða króna.

Á fyrri hluta árs 2004 varð að samkomulagi að Eglu hf. keypti 64,6% af eignarhlut hins þýska banka í félaginu, eða 32,3% alls hlutafjár félagsins. Söluverð hlutanna voru tæpar 60 milljónir USD. Í kjölfar þess var hlutafé Eglu hf. lækkað um samsvarandi hlutfall. Um svipað leyti keypti Ker hf. eignarhlut Vátryggingafélags Íslands hf. í félaginu. Á árinu 2004 var hlutafé Eglu hf. aukið um kr. 2.400.000.000 vegna kaupa á nýjum hlutum í Kaupþingi banka hf.

Ker hf. og hluthafar þess keyptu upp allan eignarhlut H&A í Eglu hf. á árinu 2005, en þá var liðið það tímabil, 21 mánuður, sem hluthafar Eglu hf. höfðu skuldbundið sig til þess að eiga hlutina í BÍ. Kjarar ehf. varð síðar eigandi allra hluta í Eglu hf. eftir að félagið hafði keypt upp hluti annarra en Kers hf. í félaginu. Kjarar hf. eignaðist alla hluti í Eglu hf. eftir skiptingu Ker hf. og samruna Kerstapa ehf. og Kjarars ehf. undir merkjum Kjarars hf.

Í ársbyrjun 2007 sameinuðust Fjárfestingarfélagið Vending ehf. og Eglu hf. undir merkjum þess síðarnefnda. Eina eign Vendingar var 34% hlutur í Alfesca hf. Eigið fé Vendingar við samrunann, sem miðaðist við 30. júní 2006, voru rúmir 1,3 milljarðar króna, að teknu tilliti til skulda.

Eglu hf. tók þátt í hlutafjárukningum í Kaupþingi banka hf. þegar hlutafé hans var aukið á árinu 2004 eins og fyrr segir.

Á árinu 2006 var ákveðið að færa eignarhaldið á hlutunum í Kaupþingi banka hf. og Alfesca hf. til hollenskra eignarhaldsfélaga af skattalegum ástæðum. Voru þá stofnuð dótturfélögin Kjarar Holding B.V. og Kjarar Invest B.V. Á árinu 2007 var stofnað félagið Eglu Invest B.V. Eignarhald Eglu hf. í Kaupþingi banka hf. varð eftir breytinguna vistað í Eglu Invest B.V., en eignarhald félagsins í Alfesca hf. í Kjarari Invest B.V. Móðurfélag Eglu hf., Kjarar hf., ábyrgðist öll lán Eglu Invest B.V. og Kjarars Invest B.V. við lánardrottna þeirra.

Rekstur Eglu hf. var alla tíð einfaldur og jafnframt mjög jákvæður. Rekstrarniðurstaða ársreikninga og árs hlutareikninga Eglu hf. frá byrjun árs 2003 til loka ársins 2007 var ávallt jákvæð. Árið 2004 var eigið fé félagsins jákvætt um rúma 18,5 milljarða króna og niðurstaða rekstrarreiknings jákvæð um tæpa 9,7 milljarða króna. Árið 2005 var eigið fé orðið jákvætt um 34 milljarða króna og niðurstaða rekstrarreiknings jákvæð um tæpa 17,7 milljarða króna. Árið 2006 var eigið fé orðið jákvætt um rúma 52,5 milljarða króna og rekstrarniðurstaða ársins jákvæð um rúma 17 milljarða króna. Árið 2007 var eigið fé jákvætt um tæpa 57 milljarða króna, og rekstrarniðurstaða jákvæð um 4,3 milljarða króna. Eigið fé Eglu hf. var jákvætt um tæpa 42 milljarða króna um mitt árið 2008, sem er síðasta uppgjör sem félagið kynnti fyrir hrun bankanna.

Ekki verður því annað sagt en að rekstur Eglu hf. hafi gengið vel. Verðmæti hluta félagsins í Kaupþingi banka hf., og einnig Alfesca hf., jókst að verðmæti, á meðan rekstrarkostnaður var takmarkaður. Fólst rekstrarkostnaður félagsins, auk fjármagnskostnaðar, einkum í því að greiða fyrir endurskoðun reikninga félagsins, auk kostnaðar við lögmannsþjónustu.

Á fundi stjórnar Eglu hf. þann 3. febrúar 2005 var samþykkt að fara í útgáfu verðtryggðra skuldabréfa til þess að endurfjármagna hluta af lánum félagsins. Samþykkt var að gefa út skuldabréf fyrir kr. 5.000.000.000 að nafnverði. Útgáfudagur bréfanna var 4. febrúar 2005 og voru þau seld í lokuðu útboði til fagfjórfaða frá 4. febrúar til 28. febrúar 2005. Hefur félagið aðild að Kauphöll Íslands á grundvelli þessa skráða skuldabréfaflokks.

Skuldabréfin eru með árlegri greiðslu vaxta og einni greiðslu höfuðstóls. Bréfin eru til 6 ára. Nafnvextir bréfanna eru 5,9%, er um að ræða fasta flata ársvexti. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 15. apríl 2011. Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu í febrúar 2005, 239,2. Bréfin voru gefin út í kr. 5.000.000 einingum og er því lágmarksviðskiptaeyning þeirra sú sama. Ábyrgðist Eglu hf. endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum.

Þann 25. nóvember 2005 samþykkti stjórn Eglu hf. að stækka framangreindan skuldabréfaflokk EGLA 05 1 um allt að 1.000 milljónir króna í þeim tilgangi að afla fjármuna til að styðja við innri og ytri vöxt félagsins. Voru skuldabréfin seld í lokuðu útboði og gilda allir sömu skilmálar um aukninguna og þau bréf sem fyrir voru, m.a. sömu vaxtakjör og sami gjalddagi. Útistandandi eru skuldabréf að nafnverði kr. 5.365.000.000 úr þessum flokki.

Eins og framan greinir voru helstu eignir félagsins eignarhlutir í Kaupþingi banka hf. og Alfesca hf. í gegnum dótturfélög sín. Verðmæti hlutanna í bankanum er hverfandi í dag og verðmæti hluta Alfesca hf. hefur lækkað verulega á sama tíma en skuldirnar hafa hækkað, enda standa lán í erlendum myntum á bak við þau eignasöfn. Af þessu er ljóst að skuldir samstæðu Eglu hf. eru verulega miklu meiri en markaðsverð eigna. Ljóst er að rekstur félagsins stefnir í þrot verði ekki gripið til annarra ráðstafana til þess að ráða bót á fjárhagslegri stöðu félagsins.

II. EIGNIR OG SKULDIR FÉLAGSINS.

1. Eignir.

Eignir Eglu hf. felast nú einkum í þeim bankainnistæðum sem félagið á og kröfu á Kjalar ehf. eftir að aðal eignir félagsins sem fólust í hlutabréfum eru að engu orðnar. Eftirfarandi er tæmandi upptalning á eignum félagsins og er verðmæti m.v. 31. mars 2009 (eru allar fjárhæðir í þúsundum króna nema annað sé tekið fram):

Eignir	Fjárhæð	Verðmæti
a.	Bankainnistæður lausar	882.000
b.	Bankainnistæður veðsettar	613.000
c.	Fjármagnstekjuskattur	25.692
d.	Krafa á tengd félög	7.700.000
e.	Eignarhlutur í Exista	51.893 (nafnverð) 0

f.	Bakkvör Group	2.000 (nafnverð)	2.000
g.	Eignarhlutur í Kjalur Holding BV		32.336 EUR
		0	

a. Bankainnistæður lausar.

Um er að ræða fjármuni sem koma að fullu til greiðslu til lánardrottna félagsins.

b. Bankainnistæður veðsettar.

Samkvæmt lánasamningi Kjalars við Kaupþing banka eru hlutir í Eglu hf. settir bankanum að handveði, og þ.m.t. allar arðgreiðslur af umræddum hlutabréfum og arði undirliggjandi hluta. Standa umræddar arðgreiðslur enn til tryggingar skuldbindingum Kjalars við bankann. Bankinn mun væntanlega ganga að veðum sínum, þannig að fjárhæðin stendur ekki alm. lánardrottnum Eglu hf. til fullnustu.

c. Fjármagnstekjuskattur.

Um er að ræða fjármagnstekjuskatt sem félagið á inni hjá skattyfirvöldum. Verður inneignin greidd út við álagningu þann 1. október 2009. Samkvæmt stöðu félagsins nú telja forsvarsmenn félagsins fyrirséð að félaginu verður ekki gerður neinn skattur sem gæti hugsanlega dregist frá inneign þessari, þannig að þeir telja að inneign þessi muni óskert falla í hlut lánardrottna félagsins.

d. Krafa á tengd félög.

Kjalur hf., móðurfélag Eglu hf., skuldar félaginu kr. 7.749.745.000. Miðað við innra virði Kjalars, þá er ólíklegt, að óbreyttu, sjá þó nánari skýringar hér á eftir, að meira en ca. kr. 310.000.000 greiðist upp í kröfu þessa.

e. Eignarhlutur í Exista.

Er einskis virði í dag.

f. Eignarhlutur í Bakkavör Group.

Eignarhluturinn er metinn á ca. kr. 2.000.000 í dag, en hann er veðsettur.

g. Eignarhlutur í Kjalur Holding BV.

Eignarhluturinn er einskis virði í dag.

2. Skuldir

Skuldir Eglu hf. felast eingöngu í skuldabréfaflokknum sem gefinn var út þann 4. febrúar 2005 og síðari aukningu við hann. Uppreiknað verðmæti skuldabréfaflokksins m.v. 1. apríl 2009 er 8.327.138.000 króna. Við upphaf undirbúnings fyrir nauðasamningsumleitanir var félaginu ekki kunnugt um hverjir væru eigendur skuldabréfa í flokknum og var Verðbréfaskráningu Íslands óheimilt að veita félaginu upplýsingar um hverjir eigendur bréfanna væru. Var því farin sú leið að Verðbréfaskráning Íslands sendi öllum eigendum skuldabréfa í flokknum bréf þann 18. mars 2009 þar sem óskað var eftir því að eigendur gæfu sig fram við lögmann félagsins og veittu upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang eiganda, ásamt nafnverði skuldabréfanna. Skráðir eigendur

skuldabréfaflokksins eru 77 talsins skv. upplýsingum Verðbréfasráningar Íslands. Neðangreindar upplýsingar um eigendur skuldabréfanna byggja á svörun við bréfi þessu og þeim upplýsingum sem tókst að afla frá vörsluaðilum bréfanna. Þær upplýsingar eru enn ekki tæmandi:

=> Hér kemur listi yfir eigendur skuldabréfanna.

M.ö.o., þá eru skuldir Eglu hf. nú rúmir 8,3 milljarðar króna, á meðan áætlað verðmæti eigna félagsins nemur ca. 1,2 milljörðum króna, eða ca. 15% af skuldum.

Hins vegar geta tækifæri falist í því að Kjalur hf., sem er það félag sem skuldar Eglu hf. rúma 7,7 milljarða króna, telur sig eiga umtalsvert háar skaðabótakröfur á bæði Kaupþing banka hf. og Glitni banka hf., vegna vanefnda bankanna á því að efna gjaldmiðlaskiptasamninga við félagið. Kjalur hf. mun láta reyna á skaðabótakröfur sínar í dómsmálum. Ef skaðabótakröfurnar verða samþykktar, þá falla niður með skuldajöfnuði allar skuldir félagsins við Kaupþings banka hf., og félagið eignast kröfu vegna ógreiddra eftirstöðva á væntanlegt þb. bankans, sem síðan er spurning hvað greiðist uppí, hugsanlega 20-30%. Kröfur Kjalars hf. á Glitni banka hf. eru lægri. Við uppgjör á kröfum Kjalars hf. við Kaupþing banka hf. falla niður veðsetningar bankans í eignum félagsins, sem þá standa orðið öðrum lánardrottnum til fullnustu, á sama tíma og lánardrottnahópur Kjalars skreppur þá saman, allt miðað við framangreindar forsendur. Ef til þess kemur, þá má leiða að því líkur að krafa Eglu hf. á Kjalur hf. greiðist að verulegu leyti.

III. FORSENDUR FYRIR BEIÐNI UM NAUÐASAMNING.

Gerð hefur verið ítarleg grein fyrir fjárhagslegri stöðu Eglu hf. hér að framan. Af þeirri umfjöllun er ljóst að brýnt er að ráða bót á ógjaldfærni félagsins hið fyrsta, en eignir félagsins standa ekki undir skuldbindingum þess eins og staðan er nú. Eftir að ljóst varð í hvað fjárhagur Eglu hf. stefndi hafa forsvarsmenn félagsins unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins, og reynt að finna leiðir til þess að tryggja hag allra lánardrottna félagsins sem best.

Forsvarsmenn félagsins telja ljóst að fyrir félaginu liggi eingöngu að feta annarra tveggja færra leiða, annars vegar að reyna að komast að samkomulagi við lánardrottna félagsins með þeim hætti sem lagt er til í nauðasamningsfrumvarpinu, ellegar að óska eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu sem forsvarsmenn telja miklu lakari kost fyrir lánardrottna. Fari félagið í þrot liggur fyrir miðað við stöðu félagsins nú að lánardrottnar muni fá mun minna greitt upp í kröfur sínar.

IV. SKÝRINGAR Á FYRIRLIGGJANDI FRUMVARPI AÐ NAUÐASAMNINGI.

Samkvæmt því sem reifað hefur verið hér að framan liggur fyrir að félagið lifir ekki án þess að ná nauðasamningi við lánardrottna sína. Það frumvarp að nauðasamningi er fylgir beiðni þessari felur það í sér að almennir lánardrottnar fá 15% krafna sinna greiddar með reiðufé, annars vegar 10% innan 4ra vikna frá formlegri staðfestingu nauðasamningsins en hins vegar 5% innan 12 mánaða frá staðfestingu nauðasamnings. Þá felur frumvarpið í sér að lánardrottnar félagsins bíði niðurstöðu

þeirrar málsókna sem Kjalar ehf. hyggst höfða á hendur gamla Kaupþings banka hf. og Glitni banka hf. Verði niðurstöður þeirra málsókna að einhverju leyti í þágu Kjalar myndast fjármunir sem munu greiðast til Eglu hf. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir fjármunir sem félagið muni eignast, umfram þau 15% krafna sem frumvarpið beinlínis lofar að lánardrottnum verði greiddar á næstu 12 mánuðum frá staðfestingu nauðasamnings, að frádregnum kostnaði við að halda félaginu á floti meðan beðið er, gangi til lánardrottna, þar til kröfurnar eru að fullu greiddar, ef vel tekst til.

Boð það sem fram kemur í nauðasamningsfrumvarpinu byggir á mati á efnahag og rekstri Eglu hf. nú. Einu eignir Eglu hf. eru reiðufé sem til er í félaginu, væntanlegar greiðslur frá skattayfirvöldum og hlutdeild Eglu hf. úr eigin fé Kjalar hf. Hinn formlegi nauðasamningur gerir ráð fyrir að eftirgjöf skulda lánardrottna geti orðið allt að 85%. Því þarf samþykki 85% þeirra lánardrottna sem lýsa kröfum við þessar nauðasamningsumleitanir, bæði hvað varðar höfðatölu og kröfumagn, til að frumvarpið teljist samþykkt.

Engar tryggingar verða settar fyrir greiðslu samningskrafna samkvæmt framangreindu, né verða vextir eða annar kostnaður greiddur meðan uppgjör á sér stað.

Framkvæmd nauðasamningsins mun vera með þeim hætti að þegar eftir formlega staðfestingu samningsins, eða ekki síðar en 4 vikum þaðan í frá, þá verða greidd 10% af kröfum, en 5% 12 mánuðum þaðan í frá. Ef betur vinnst úr kröfu Eglu hf. á hendur Kjalar hf., þá mun sá ávinningur ganga óskertur til lánardrottna eins og með þarf til að gera upp kröfur þeirra, en þó að frádregnum kostnaði við rekstur félagsins.

Í frumvarpinu sjálfu eru að öðru leyti ítarlegar upplýsingar um hvernig staðið verður að framkvæmd frumvarpsins og hverjar forsendur þess eru. Verður ekki talið að frumvarpið þarfnist frekari skýringa en hér hafa verið reifaðar.

Lánardrottinn Eglu hf. sem teljast samningskröfuhafar eru samtals 77 skv. upplýsingum Verðbréfasráningar Íslands. Af þeim hafa xx mælt með að nauðasamningsfrumvarpið verði lagt fram sem hafa að baki sér ríflega það kröfumagn sem lög nr. 21/1991 krefjast. Þannig eru skilyrði 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. uppfyllt.

V. RÖKSEMDIR FYRIR SAMÞYKKI FYRIRLIGGJANDI FRUMVARPS.

Eðlilegt er að lánardrottinn spyrji sig þeirrar spurningar hvort þeir fái meira út úr gjaldþrotaskiptaleið eða fyrirbyggjandi frumvarpi að nauðasamningi. Því er fljótsvarað að mati fyrirsvarsmanna Eglu hf. Ef Eglu hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta, eru verulegar líkur á að Kjalar hf. verði tekið til gjaldþrotaskipta í kjölfarið. Við það munu líkur á að skaðabótakröfum Kjalars hf. á hendur gömlu bönkunum, Kaupþingi og Glitni, verði ekki fylgt eftir. Í því tilviki mun brunaútsala á eignum Kjalars ekki skila lánardrottnum Eglu hf. ásættanlegu uppgjóri á kröfu Eglu hf. á hendur Kjalar hf. Af þessu er ljóst, að mati stjórnar Eglu hf., að nauðasamningsleiðin er eini raunhæfi kosturinn til að tryggja öllum lánardrottnum félagsins að ríflegar greiðslur upp í kröfur þeirra.

Þegar á allt er litið, þá verður nauðsammingsfrumvarpið að teljast bæði sanngjarnt og jafnframt hagstæðari valkostur fyrir lánardrottna en gjaldþrotameðferð. Kjósi lánardrottnar hins vegar þá leið, þá er eðlilegt að verða við þeirri ósk.

Engar ráðstafanir hafa átt sér stað sem hugsanlegt er að rifta ef nauðasamningur kemst á fyrir Eglu hf., að því er best er vitað.

VI. MEÐFYLGLJANDI GÖGN.

Eftirfarandi gögn verða lögð fram á dómþingi við þingfestingu þessarar beiðnar:

1. Beiðni þessi.
2. Vottorð frá Fyrirtækjaskrá um Eglu hf.
3. Samþykktir Eglu hf.
4. Ársreikningur Eglu hf. fyrir árið 2007 og árs hlutareikningur fyrir fystu sex mánuði ársins 2008.
5. Yfirlit yfir eignir og skuldir m.v. 31. mars 2009.
6. Yfirlýsing endurskoðanda um bókhald Eglu hf.
7. Afrit skattframtals Eglu hf. fyrir árið 2007.
8. Listi yfir lánardrottna Eglu hf., eins og upplýsingar liggja fyrir um, er falla undir nauðasamninginn.
9. Frumvarp að nauðasamningi ásamt meðmælum.
10. Endurrit bókonar stjórnar Eglu hf. þar sem ákvörðun er tekin um að leita nauðsammings við lánardrottna.

Ekki er nauðsynlegt að setja tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar af aðgerðum við frekari undirbúning og gerð nauðsammings, enda á Eglu hf. í sjóði nú nægilega fjármuni til að standa straum af þeim kostnaði.

Virðingarfyllst,
f.h. Eglu hf.

Kristinn Hallgrímsson hrl.

FRUMVARP AÐ NAUÐASAMNINGI
- fyrir Eglu hf., kt. 551102-2030, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík

1. kafli.
Samningskröfur.

1.0. Hvað boðið er, hvenær greitt og viðbótarskuldbinding.

1.1. Lánardrottnum sem fara með samningskröfur er boðin greiðsla á 15% krafna sinna eins og þær standa þegar héraðsdómur heimilar nauðasamningsumleitanir samkvæmt frumvarpi þessu með:

A. Greiðslu 10% krafna ekki síðar en 4 vikum frá formlegri staðfestingu nauðasamnings þessa.

B. Greiðsla 5% krafna ekki síðar en 12 mánuðum frá formlegri staðfestingu nauðasamnings þessa.

C. Að auki lofar Eglu hf. að greiða lánardrottnum sínum til viðbótar andvirði allra eigna sinna, umfram andvirði þeirra sem ráðstafað hefur verið skv. stafliðum A. og B. hér að framan, eftir því sem það fellur til, eins og þær hrökkva til, og eins og þarf til að greiða kröfurnar að fullu, að frátöldum eðlilegum rekstrarkostnaði við að efna nauðasamning þennan.

1.2. Til viðbótar framangreindum greiðsluskuldbindingum, þá skuldbindur Eglu hf. sig til þess að boða alla lánardrottna félagsins á alla hluthafafundi félagsins, þar til búið verður að greiða kröfur þeirra upp að fullu, eða þar til búið verður að ráðstafa öllum eignum félagsins til lánardrottna. Á þessum hluthafafundum skal lánardrottnum boðið að tilnefna meirihluta stjórnarmanna Eglu hf. Jafnframt skal lánardrottnum boðið að tilnefna einn fulltrúa í lánardrottnanefnd Kjalars hf. meðan hún starfar.

2.0. Trygging fyrir greiðslum.

2.1. Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum samkvæmt framangreindu.

3.0. Samningskröfur miðast við úrskurðardag um heimild til að leita nauðasamnings.

3.1. Eftir að heimild hefur verið veitt til að leita nauðasamnings reiknast hvorki samningsvextir, dráttarvextir né annar kostnaður, t.d. innheimtu- og lögmanskostnaður af skuldbindingum gagnvart þeim aðilum sem samningskröfur eiga á hendur fyrirtækinu.

2. kafli.

Forsendur fyrir frumvarpi þessu.

2.1. Framangreind boð samkvæmt gr. 1.1. A. og B. í nauðasamningsfrumvarpi þessu byggja á reiðufé sem félagið á í dag, væntanlegri endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem félagið fær greidda er álagning fer fram þann 1. október 2009, auk hlutdeildar Eglu hf. í núverandi eigin fé Kjalars hf. vegna kröfu félagsins að fjárhæð rúmar 7,7 milljarðar króna. Forsenda boðs samkvæmt gr. 1.1. C. gerir ráð fyrir þeim möguleika að niðurstaða málareksturs Kjalars hf. á hendur Kaupþingi banka hf. og Glitni banka hf. vegna uppgjörs gjaldeyrisskiptasamninga gangi eftir að hluta eða öllu leyti, þannig að meira verði til skiptanna milli lánardrottna félagsins, þar sem stærri hluti kröfu Eglu hf. á hendur Kjalari hf. greiðist, og jafnvel að krafan greiðist að fullu.

Takist að innheimta framangreinda kröfu Eglu hf. á hendur Kjalari hf. að fullu, falli niður veðsetning bankainnistæðu félagsins, og umtalsverðar greiðslur berist frá væntanlegum þb. Kaupings banka hf. og Glitnis banka hf., upp í eftirstæðar kröfu, munu lánardrottinnar Eglu hf. hugsanlega fá kröfur sínar að fullu uppgerðar, eða verulegan hluta þeirra.

Meðan lánardrottinnar hafa ekki fengið fullnaðargreiðslu skulda sinna samkvæmt nauðasamningsfrumvarpi þessu skulu þeir eiga seturétt á hluthafafundum Eglu hf. og eiga sameiginlega rétt til þess að tilnefna meirihluta stjórnarmanna félagsins.

Reykjavík, 1. apríl 2009.

F.h. stjórnar Eglu hf.

Kristinn Hallgrímsson hrl.

Undirritaðir atkvæðismenn um þetta samningsfrumvarp lýsum því hér með yfir að við mælum með nauðsamningi á grundvelli þess: